Samband íslenskra sveitarfélaga

# Veita

## Leiðbeiningar fyrir innleiðingu

Samband Íslenskra Sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð

island.is

# 1. Inngangur

Þessar leiðbeiningar eru fyrir vinnsluaðila fjárhagsaðstoðar sem fer fram í umsýslukerfi að nafni Veita. Þar er hægt að vinna úr öllum umsóknum sem koma í gegnum umsóknarkerfið Ósk.

- ATH Gott er að hafa í huga að allar upplýsingar um umsækjendur sem koma fram í þessu leiðbeiningum eru prufugögn og þar með ekki alvöru einstaklingar.

# 2. Innskráning

Sem vinnsluaðili skráir þú þig inn í Veitu með því að nota rafræn skilríki.

- Ef innskráning virkar ekki þá skal hafa samband við umsjónaraðila (maria.kristjansdottir@samband.is) svo viðkomandi geti bætt þér í Veitu kerfið.



# 3. Innhólf: Ný mál

**3.1** Fyrsta sem þú sérð þegar þú skráir þig inn er innhólfið með öllum þeim nýju málum sem hafa borist inn í gegnum Ósk. Þessi mál eru ósnert þ.e.a.s vinnsluaðili hefur ekki merkt sér þau.




**3.2** Með því að ýta á linkinn “Sjá um” mun þetta tiltekna mál vera í þinni umsjá og nafnið þitt bætist við að aftan og færist í “Mál í vinnslu”.




**3.3** Ef það eru engin ný mál þá lýtur skjárinn svona út



# 4. Mitt: Mál í vinnslu

**4.1** Þegar þú setur mál í þína umsjá þá færist málið úr “Ný mál” yfir í “Mál í vinnslu”. Þar getur þú séð öll þau mál sem þú sjálf/ur ert að vinna í.




**4.2** Hér sérð þú líka hver staðan er á málinu, hvenær það var síðast uppfært, hvaða tímabil umsóknin kom inn og nafn á vinnsluaðilanum.

# 5. Teymið: Öll mál í vinnslu og afgreidd mál

**5.1** Hér hefur þú yfirsýn yfir öll þau mál sem eru í vinnslu í þínu teymi óháð því hver er er að sjá um það. Þetta nýtist vel ef einhver forfallast og þá er hægt að vinna umsóknina áfram.




**5.2** Hér er svo sér svæði fyrir öll afgreidd mál



# 6. Að vinna með mál

**6.1** Þú getur ýtt á málið til að opna umsóknina þar sem þú getur séð allar upplýsingar um umsækjanda, þau gögn sem fylgja og hvort viðkomandi eigi maka.



**6.2** Hægt er að sjá áætlaða aðstoð með því að ýta á upphæðina. Það yfirlit opnast í glugga.






**6.3** Hér er svæði sem sýnir þér upplýsingar úr staðgreiðsluskrá viðkomandi. Þar kemur fram samtals heildarlaun, meðaltal, persónuafsláttur meðaltal og samtals staðgreiðsla. Einnig er birt tafla yfir laun síðustu þriggja mánaða ásamt kennitölu fyrirtækis.




**6.4** Tengingin við Skattinn skilar framtali umsækjanda sjálfkrafa, en framtalið má finna undir skattagön í Veitu. Til að skoða framtalið (sem og önnur gögn sem skilað er inn) getur þú ýtt á gagnið sem þá opnast í nýjum glugga (tab) á þeim vafra (browser) sem þú ert að vinna á.



**6.5** Þú sem vinnsluaðili getur sett inn athugasemd við hverja umsókn fyrir sig undir sögu umsóknar. Þessar athugasemdir er sýnileg öðrum vinnsluaðilum en mun ekki skila sér til umsækjanda.



# 7. Breyta stöðu

**7.1** Þú getur uppfært stöðu umsóknar með því að ýta á “Breyta stöðu” takkann.




**7.2** Þá kemur upp gluggi sem gefur þér valmöguleikana: Í vinnslu, vantar gögn, hafnað og samþykkt.



**7.3 Vantar gögn** valmöguleikinn biður þig um að skrifa lýsingu á því hvaða gögn umsækjandinn þarf að skila inn. Viðkomandi fær tölvupóst með þessari lýsingu og hlekk á svæði þar sem þau geta hlaðið inn gögnum. Þessi gögn bætast svo við umsóknina og hún fer aftur “í vinnslu” stöðuna.




Hér er dæmi um tölvupóst sem umsækjandinn fær þegar vantar gögn.



**7.4 Hafnað** valmöguleikinn biður þig um að skrifa lýsingu á afhverju umsókninni var hafnað. Viðkomandi fær síðan tölvupóst með þeirri lýsingu.




Hér er dæmi um tölvupóst sem umsækjandinn fær þegar umsókn er hafnað.



## Umsókn þinni um aðstoð hefur verið synjað

Umsókn þinni um fjárhagsaðstoð í ágúst hefur verið synjað á grundvelli 12. gr.: Tekjur og eignir umsækjanda. Smelltu á hlekkinn hér fyrir neðan til að kynna þér reglur um fjárhagsaðstoð.

**Fjárhagsaðstoð fyrir ágúst 2021**

Umsókn synjað

Sjá reglur um fjárhagsaðstoð

Athugaðu að þú gætir þurft að skrá þig aftur inn með rafrænum skilríkjum.

**Frekari upplýsingar**

Heimasíða Hafnarfjarðar (netspjall)

Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfirði

Stöðusíða umsóknar

Þú ert að fá þennan tölvupóst á netfangið larus@gmail.com vegna þess að þú sóttir um fjárhagsaðstoð frá Hafnarfirði. Við munum senda pósta þegar eitthvað nýtt gerist eða þegar við þurfum eitthvað frá þér.

**7.5 Samþykkt** valmöguleikinn er gluggi sem er með fleiri breytum en hinir gluggarnir.

- Hér þarf að staðfesta að grunnupphæð sér rétt
- Næst þarf að slá inn handvirkt tekjur og hægt er að bæta við auka reitum ef þess þarf.
- Svo þarf að slá inn hlutfall persónunýtingu skattkorts (persónuafsláttur).
- Þú getur einnig bætt við skattkorti maka í þessu skrefi ef þess þarf.
- Skatturinn er reiknaður sjálfkrafa og ekki er hægt að eiga við það.
- Þá sérð þú útreikninginn áður en þú getur staðfest

Eftir að þú staðfestir fær umsækjandi tölvupóst að umsókn hafi verið samþykkt og að þau geti nálgast sundirliðun á stöðu síðu umsóknar.



Hér er dæmi um tölvupóst sem umsækjandinn fær þegar umsókn er samþykkt.

## Umsóknin þín er samþykkt og áætlun er tilbúin

Umsókn þín um fjárhagsaðstoð í ágúst er samþykkt. Smelltu á hnappinn til að heimsækja þína stöðusíðu þar sem þú getur séð lokaupphæð ásamt sundurliðun.

**Fjárhagsaðstoð fyrir ágúst 2021**

Umsóknin er samþykkt og lokaupphæð liggur fyrir

Skoða stöðu umsóknar

Athugaðu að þú gætir þurft að skrá þig aftur inn með rafrænum skilríkjum.

**Frekari upplýsingar**

Heimasíða Hafnarfjarðar (netspjall)

Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfirði

Stöðusíða umsóknar

Þú ert að fá þennan tölvupóst á netfangið larus@gmail.com vegna þess að þú sóttir um fjárhagsaðstoð frá Hafnarfirði. Við munum senda pósta þegar eitthvað nýtt gerist eða þegar við þurfum eitthvað frá þér.

Hér er dæmi um tölvupóst sem maki umsækjanda fær.

## Þú þarft að skila inn gögnum fyrir umsókn maka þíns um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfirði

Maki þinn hefur sótt um fjárhagsaðstoð fyrir september mánuð. Svo hægt sé að klára umsóknina þurfum við að fá þig til að hlaða upp tekju- og skattagögnum til að reikna út fjárhagsaðstoð til útgreiðslu í byrjun október.

**Fjárhagsaðstoð fyrir ágúst 2021**

Umsókn bíður eftir gögnum frá maka

Fylla út umsókn

Athugaðu að þú gætir þurft að skrá þig aftur inn með rafrænum skilríkjum.

**Frekari upplýsingar**

Heimasíða Hafnarfjarðar (netspjall)

Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfirði

Stöðusíða umsóknar

Þú ert að fá þennan tölvupóst á netfangið larus@gmail.com vegna þess að maki þinn sótti um fjárhagsaðstoð frá Hafnarfirði. Við munum senda pósta þegar eitthvað nýtt gerist eða þegar við þurfum eitthvað frá þér.

# 8. Leit

**8.1** Þú getur leitað af öllum umsóknum sem koma í gegnum ósk með því að nota kennitölu. Í þessu tilfelli kemur umsækjandi og maki þeirra upp í leitarniðurstöðum.



# 9. Mínar stillingar

**9.1** Þú getur uppfært bæði netfangið þitt og stutta útgáfu af nafninu þínu eða gælunafn.




**9.2** Þegar þú ferð fyrst inn í Veitu er sjálfvalið að þú getir séð raunveruleg nöfn umsækjenda á yfirlitsskjám en hér getur þú breytt því í dulnefni. Þú getur slökkt og kveikt á því hvenær sem er inní þessum stillingum.

